

Gunnlaugur B Ólafsson
Fjólugata
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2024
UST202301-047/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Gunnlaugs B. Ólafssonar, dagsett 3. janúar 2023 með viðbótargögnum dagsett 31. október 2023, um leyfi til framkvæmda innan Lónsöræfa.

Lónsöræfi eru friðlýst sem friðland sbr. [auglýsingu nr. 31/1977](#). Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja er bönnuð nema á ógrónum áreyrum, vegum og öðrum merktum akslóðum innan svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til uppsetningu tveggja 18 metra langra göngubrúa yfir Víðidalsá og tengingu þeirra við gönguleiðir innan svæðisins. Teikningar af brúm og kort sem sýnir staðsetningu þeirra fylgdi með umsókn. Um er að ræða 0,6 m breiðar hengibrýr úr stáli í einu hafi. Brúargólf yrði úr opnum ristum úr galvanhúðuðu stáli en burðarkaplar, gólfvírar og handriðsvírar yrðu úr 16 mm galvanhúðuðum togvír. Brýrnar yrðu festar niður við klöpp í báða enda. Festingar yrðu úr bergboltum sem yrðu boraðir 800 mm inn í hreina klöpp og límdir inn með tveggja þátta lími. Brú eitt yrði staðsett rétt norðan við Svíptungnagil og brú tvö yrði staðsett ca 2,5 km ofar í ánni þar sem Víðidalsá sameinast á er rennur úr Kinnargili. Samhliða yrðu stikaðar gönguleiðir sem myndu tengja saman brýrnar við núverandi gönguleiðir á svæðinu. Efni í brýrnar og verkfæri yrðu flutt á svæðið með vélsleðum að vetrarlagi. Mögulega verður hluti búnaðar fluttur á svæðið með þyrlu en rest með burðarfólki af Illakambi. Ekki verður farið með önnur vélknúin farartæki en vélsleða og hugsanlega þyrlu inn á svæðið. Birgðastöð á framkvæmdartíma yrði staðsett á austurbakka Víðidalsár ásamt gistitjöldum og eldunaraðastöðu. Að framkvæmdum loknum verður skilin eftir kista/skýli á lítt áberandi stað fyrir verkfæri og varahluti. Búnaður yrði fluttur af svæðinu að vetrarlagi og svæði hreinsað. Að brúarframkvæmdunum kæmu 8 manns. Áætlaður framkvæmdartími er áætlaður vorið/sumarið 2024. Sjálfboðaliðar frá SEEDS myndu sjá um stikun og gerð gönguleiða sem liggja til og frá brúunum vorið 2024.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Vatnajökulspjóðgarðs þann 2. febrúar 2023 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Vatnajökulspjóðgarðs barst þann 9. febrúar 2023. Í umsögn þjóðgarðsins kemur fram að hann vilji koma á framfæri að ekki liggur fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Slíkt ferli felur almennt í sér úttekt og kortlagningu á náttúrufari og hugsanlegum minjum, sem undirstöðu mats á verndargildi. Í tilfelli Lónsöræfa, hafa náttúrufarslegar ástæður takmarkað aðgengi, sem aðallega hefur miðast við gangandi umferð, á leiðum sem flestar eru krefjandi. Í ljósi þeirra breytinga sem áform um smíði brúa myndi að líkindum hafa á svæðið, má færa rök fyrir þörf á greiningu þolmarka svæðisins, félagslegra og náttúrufarslegra sem forsendu áður en til framkvæmda kæmi. Byggt á grunni áðurnefndra úttekta, er almennt í vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar, hafið víðtækt samráðsferli við hlutaðeigandi fagstofnanir, hagsmunaaðila og almenning, um verndun og nýtingu umræddra gæða. Þar eru vegnir kostir þess að varðveita svæði sem lítt snortið með torveldu aðgengi og/eða þess að auka aðgengi á smærri eða stærri skala. Í þeim tilfellum þar sem niðurstaða samtals er að auka aðgengi með því að brúa náttúrulegar hindranir, er sett fram heildstætt skipulag innviða, sem felur í sér gönguleiðir (þ.m.t. brýr), salernisaðstöðu, gistimöguleika og öryggisþætti líkt og fjarskipti (sem eru mjög takmörkuð á umræddu svæði). Í þessu samhengi vill Vatnajökulspjóðgarður benda á mögulega kröfu sem breyttar aðstæður geta valdið varðandi afleidda innviði, til þjónustu eða stýringar – þ.e. mögulegt stígakerfi, salernismál, fjarskipti. Þar sem umbeðin framkvæmd er af hálfu einkaaðila, á friðuðu svæði innan þjóðlendu vill Vatnajökulspjóðgarður benda á mögulega ábyrgð ríkisins er varðar viðhald innviða sem krefjast vandaðs viðhalds (s.s. hengibrýr) svo lengi sem eiga að standa – og/eða kostnaðar við að fjarlægja ef til þess kæmi. Ljóst er að umræddar greiningar, samráð og framtíðarsýn liggja ekki fyrir, í tilfelli Lónsöræfa. Í því ljósi, telur Vatnajökulspjóðgarður ekki forsendur til þess að ráðist verði í umrædda framkvæmd á þessu stigi.

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Ferðafélags Austur Skaftfellinga og Ferðafélags Fljótsdalshéraðs þann 17. janúar 2024 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Ferðafélags Austur Skaftfellinga barst þann 22. janúar 2024. Í umsögn félagsins kemur fram að Ferðafélag Austur-Skaftfellinga lýsir fullum stuðningi við þessi áform, enda ljóst að framkvæmd þessi bætir aðgengi og eykur fjölbreytni fyrir göngufólk um svæðið, og er þar af leiðandi góð viðbót við þær merktu gönguleiðir sem fyrir eru. Umsögn Ferðafélags Fljótsdalshéraðs barst 19. janúar 2024. Í umsögn félagsins kemur fram að leið þessi liggur um svæði sem er erfitt yfirferðar og lítil sem engin fjarskipti og erfitt um allar bjarganir, ekkert skjól (fjallaskálar) og allra veðra von. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs er og verður ekki í neinum samskiptum eða samvinnu við þá sem að þessari framkvæmd standa. Af öryggisástæðum getur félagið ekki mælt með þessari framkvæmd.

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Björgunarfélags Hornafjarðar þann 5. febrúar 2024. Umsögn björgunarfélagsins barst 7. febrúar 2024. Í umsögn Björgunarfélagsins kemur fram að það geri ekki athugasemdir við göngubrýrnar og gerð gönguleiða tengdum þeim.

Umsagnir bárust einnig frá Aðalsteini Aðalsteinssyni dags. 3 febrúar 2024, Steini Hrúti dags. 4. febrúar 2024 og Þorkeli Kolbeins dags. 5. febrúar 2024. Í umsögn Aðalsteins kemur fram

að hann var oft á Kollumúlasvæðinu á tíunda áratug síðustu aldar og hefur gengið töluvert um svæðið sem fararstjóri í ferðum á vegum Ferðafélags A-Skaft. og Ferðafélags Íslands og einnig á eigin vegum með smærri og stærri hópa. Hann gekk einu sinni með nokkrum vinum hringinn frá Múlaskála yfir Gjögur niður á Flár og inn til móts við Kinnargil og yfir Víðidalsá þar rétt innan við á eina staðnum sem hann heldur að sé hægt að fara yfir ána á þessum slóðum. Það er þó ekki hættulaust því nokkrum metrum neðan við vaðið er foss og sá sem fer þar fram af kembir ekki hænurnar. Þess vegna fór hann aldrei með hópa þar yfir. Ofan við vaðið er hylur og þar fyrir ofan eru nokkuð háir klettur og milli þeirra heldur hann að sé góður staður til að brúa. Þegar komið er í Víðidalskinn er hættulaus leið inn að Grund og síðan sem leið liggur upp á Sanda og niður í Múlaskála. Það er hans álit að brú af Flám í Víðidalskinn væri mjög gott framtak sem opnar stórt og fallett göngusvæði. Leiðina inn Hnappadal niður Svíptungur eða Grísatungur yfir á Flár þekkir hann ekki nógu vel til að gefa álit á.

Í umsögn Steins kemur fram að hann hefur farið margar ferðir inn á þetta svæði og fær aldrei nóg af fegurðinni sem þar er. Það sem honum finnst stórkostlegast er hversu mikill fjölbreytileiki er á svæðinu og margt að sjá. Eftir að hafa farið tvisvar um það svæði sem Víðidalsáin rennur út úr Víðidalnum og sameinast Jökulsánni. Þar bættist við algjörlega nýtt landslag. Stórbrotin gil, fossar og gljúfur. Þetta er einn af þeim stöðum sem maður nær ekki að fanga á mynd. Maður þarf að fara þangað til að sjá. Áin sjálf er orðin mun vatnsmeiri á þessu svæði en uppi í Víðidal, enda margar þverár sem falla í hana. Þarna er hún orðin erfið til að vaða, nema lítið sé í ánni. Vatnasvæði ána er stórt og þær vaxa hratt og eru erfiðar og hættulegar jafnvel vönustu fjallafólki. Gönguleiðin er mjög falleg og með brúm opnast svæðið sem hringleið og einnig opnun í austur.

Í umsögn Þorkels kemur fram að hann hefur gengið þó nokkuð um þetta svæði og meðal annars tvisvar gengið í kringum Kollumúlann. Í bæði skiptin fór hann úr Múlaskála og upp á milli gilja yfir í Víðidal síðan út Víðidal og yfir Víðidalsá á sama stað og Aðalsteinn lýsir. Bæði skiptin fór hann þetta að haustlagi því aðstæður eru þannig að ekki er vit í að fara þetta nema þegar lítið vatn er í Víðidalsá. Síðan gekk hann sem leið liggur út Flár og um Gjögrið í Múlaskála. Þetta er mjög stórbrotið og fallett svæði og með fyrirhugaðri brú opnast þetta sem nýr og góður valkostur í gönguleiðum á svæðinu. Hann hefur líka gengið Hnappadalinn og inn á Svíptungur og á móti úr Múlaskála um Gjögur og Flár yfir í Svíptungur. Það er að hann hefur komið í Svíptungur úr báðum áttum. Þetta er skemmtileg leið sem mundi opnast sem raunverulegur kostur til að ganga milli byggðar í Lóni og Múlaskála eða Víðidals með tilkomu þessara brúa.

Áhrifamat:

Starfsmaður Umhverfisstofnunar fór í vettvangsferð 7.-8. ágúst 2023 um svæðið með umsækjanda og samstarfsmönnum hans til að skoða fyrirhuguð brúarstæði og meta áhrif framkvæmdarinnar. Niðurstaða sérfræðings Umhverfisstofnunar er sú að bygging brúnna er ekki talin hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðisins. Með tilkomu nýrra göngubrúa yfir Víðidalsá, opnast tækifæri á að tengja nýjar gönguleiðir við núverandi göngustíga og þróa hringleið frá Múlaskála að Egilsseli, þar sem hægt er að hafa

næturgingingu, niður Víðidal að Meingili og til baka að Múlaskála. Óumdeilanlegt er að framkvæmdin muni stuðla að frekar dreifingu gesta um svæðið og bæta upplifun þeirra. Fyrirséð er að það muni leiða af sér þörf á eftirliti með umræddum brúm og gönguleiðum til að tryggja öryggi gesta.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun veitir Gunnlaugi B. Ólafssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu tveggja göngubrúa yfir Víðidalsá og stikun gönguleiðar frá núverandi göngubrú yfir Víðidalsá við eyðibýlið Grund að fyrirhugaðri göngubrú eitt við Kinnargil, gönguleið milli göngubrúna og frá fyrirhugaðri göngubrú tvö við Sviptungugil að mörkum friðlandsins við Hnappadal og lagningu á gönguleiðunum ef á þarf að halda sbr. lýsingu hér að ofan. Framkvæmdir skulu hefjast innan árs frá dagsetningu þessa bréfs og gildir leyfið í ár frá upphafsdegi framkvæmda að uppfylltum skilyrðum:

Skilyrði:

Umhverfisstofnun tekur undir með Vatnajökulsþjóðgarði að stjórnunar og verndaráætlun þyrfti að vera til staðar fyrir svæðið. Skortur á henni má þó ekki hamla framkvæmdum sem teljast svæðinu til bóta og bætir upplifun gesta. Til þess að tryggja gæði þeirrar þjónustu og innviða sem boðið verður upp á á svæðinu telur stofnunin þó mikilvægt að rekstur innviða og umsjón með þeim sé ekki á hendi margra aðila. Viðhald og eftirlit með fyrirhuguðum gönguleiðum og brúm þegar þær eru komnar í gagnið verði á ábyrgð Umhverfisstofnunar sbr 1. mgr. 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúrvernd.

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á suðurlandi hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti viku fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Efnisval, útlit og merkingar skulu verða í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Ef notkun mannvirkjana er hætt skulu þau fjarlægð.
- Vinna við leiðarval, stikun, ákvörðun öryggisbúnaðar og mörkun gönguleiða skal fara fram í samvinnu við starfsfólk Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Við leiðarval skal líta til öryggismála og koma skal fyrir viðeigandi öryggisbúnaði (til dæmis keðjum og böndum) þar sem við á til að gæta öryggis göngufólks. Skal það gert samhliða gerð gönguleiðarinnar.
- Í skriðum skal afmarka gönguleiðir vel svo ljóst sé hvar sé öruggast að ganga.

- Merking gönguleiða og uppsetning brúa skal fara fram á sama tíma til að tryggja að göngufólk sé ekki að fara inn á gönguleiðir sem leiða að óbrúuðum ám eða nýta brýr sem eru ekki tengdar gönguleiðum.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Allur akstur utan vega er óheimill fyrir utan flutning búnaðar á svæðið með vélsleðum í snævipakinni og frosinni jörð og augljóst að ekki sé hættu á náttúruspjöllum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að aðgengi að svæðinu í lok maí og byrjun júní getur verið takmarkað vegna snjóá og leysinga. Mælst er til að vinna sjálfbóðaliða í maí og júní við stikun gönguleiða fari fram á öðrum tímum.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Lónsöræfi eru innan þjóðlendu og leyfi forsætisráðuneytisins þarf fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfi þetta tekur einungis til þeirra framkvæmda sem fjallað er um í þessu bréfi. Hafi umsækjandi hug á að fara í frekar framkvæmdir, lagfæringar á öðrum gönguleiðum eða mannvirkjagerð innan friðlandsins þarf að sækja um það sérstaklega. Sé um að ræða framkvæmdir sem telja má stefnumótandi fyrir svæðið og snúa að skipulagi þess þá þarf stjórnunar- og verndaráætlun að liggja fyrir.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um leyfi til framkvæmda er kr. **39.400**. sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 sem er sú gjaldskrá sem var í gildi þegar umsækjandi sótti um leyfið.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir

sviðsstjóri

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir

sérfræðingur